



Úttekt á rekstri og tillögur

Haraldur L Haraldsson hagfræðingur

Sveitarfélagið Garður

Afgreiðsla bæjarstjórnar á tillögum.

7. apríl 2014.

Tillögur

Afgreiðsla bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Garðs á tillögum:

Skuldir sveitarfélagsins

1. LANGTÍMASKULDIR

Lagt er til að kanna með að greiða upp öll langtímalán sveitarfélagsins, a.m.k. þau sem fengin hafa verið hjá Íbúðalánasjóði.

Bæjarstjórn:

Að fengnu samþykki íbúafundar þann 8. apríl 2014 verða lán greidd upp með fjármögnun úr Framtíðarsjóði.

Samþykkt að fela bæjarstjóra, í samráði við ráðgjafa, að ganga til þess að greiða upp langtímalán samkvæmt þessari tillögu, með tilvísun í greinargerð.

2. LEIGUSKULDBINDING

Lagt er til að kanna hvort ekki sé hægt að greiða upp leiguskuld vegna húsnæðis fyrir bæjarskrifstofur sveitarfélagsins að Sunnubraut 4, þannig að sveitarfélagið eignist húsnæðið sem bæjarskrifstofurnar eru í.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að fela bæjarstjóra, í samráði við ráðgjafa, að kanna hvort mögulegt er og hagkvæmt að hrinda þessari tillögu í framkvæmd. Í því sambandi verði m.a. tekið tillit til mögulegs uppgjors á VSK vegna framkvæmda við fasteignina.

3. GREIÐSLA INN Á LÁN HJÁ FASTEIGNAFÉLAGINU SUNNUBRAUT 4 EHF.

Lagt er til, gangi tillaga 2 hér að framan ekki eftir, að fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn Fasteignafélagsins Sunnubrautar 4 ehf. beiti sér fyrir því að peningaeign félagsins verði notuð til að greiða niður lán þess.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að gerð verði tillaga um þetta í stjórn Fasteignafélagsins Sunnubraut 4 ehf., ef tillaga 2 gengur ekki eftir.

Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

4. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að koma þessari tillögu til framkvæmdar hið fyrsta.

5. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að útfæra ítarlega greinargerð við vinnslu fjárhagsáætlunar, samkvæmt þessari tillögu. Framvegis verði slík greinargerð fylgiskjal með fjárhagsáætlun hvers árs.

6. GREIÐSLUÁÆTLUN

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að láta vinna greiðsluáætlun og að áætlunin verði framvegis stjórnþæki við rekstur sveitarfélagsins.

7. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD

Lagt er til að taka upp það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Einnig verði sett hámark á þá reikninga sem forstöðumenn mega samþykkja án vitneskju bæjarstjóra og/eða skrifstofustjóra.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að koma þessari tillögu til framkvæmdar.

8. REGLULEGIR FUNDIR

Lagt er til að bæjarstjóri og skrifstofustjóri/aðalbókari eigi reglulega fundi með forstöðumönnum, þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því. Jafnframt verði haldnir fundir með starfsmönnum um fjárhagsáætlun og ársreikning sveitarfélagsins ár hvert.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að koma þessari tillögu til framkvæmdar hið fyrsta.

Tekjur

9. FASTEIGNASKATTUR

Lagt er til að kanna hvort til greina komi að hækka fasteignaskatt.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að tillagan verði til frekari skoðunar við næstu fjárhagsáætlun.

Laun

10. LAUN Í VEIKINDUM

Lagt er til að áætlað verði fyrir launum vegna langvarandi veikinda á sérstökum bókhaldslykli undir málaflokknum sameiginlegum kostnaði hjá sveitarfélaginu. Jafnframt þurfi forstöðumenn að sækja um framlag af þessum lykli til bæjarráðs komi upp langvarandi veikindi.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að unnið verði eftir þessari tillögu.

11. VEIKINDAVOTTORÐ

Lagt er til að starfsmenn leggi fram veikindavottorð verði þeir veikir.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að starfsmenn leggi fram veikindavottorð vegna veikinda umfram 2 daga.

12. YFIRVINNA

Lagt til að sett verði á yfirvinnubann. Yfirvinna verði eingöngu heimiluð í algjörum undantekningar tilfellum. Sé yfirvinna nauðsynleg þurfi samþykki annað hvort bæjarstjóra eða skrifstofustjóra í hvert skipti. Jafnframt verði samið þannig um fasta yfirtíð að hún nái yfir alla yfirvinnu og óþægindi utan vinnutíma.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt, bæjarstjóra falið að vinna að skilgreiningu á því hvað teljist undantekningar tilfalli.

13. GREIÐSLUR INN Á ORLOFSREIKNINGA

Lagt er til að skoðað verði með að hætta að greiða orlof inn á orlofsreikninga vegna þeirra starfsmanna sem hafa fasta yfirtíð, eða þeir fái ekki greidda fasta yfirtíð þegar orlof er tekið.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

14. GREIN 2.6.9 Í KJARASAMNINGI

Lagt er til að kanna hvort ekki sé ódýrara að viðvera starfsmanna á hverri vakt verði 25 mínútum skemmri en umsaminn vinnutími segir til um hjá vaktavinnufólki. Þetta verði gert þannig að ekki þurfi að greiða sérstaklega í yfirvinnu fyrir umræddar 25 mínútur, skv. grein 2.6.9 í kjarasamningi, eða þá að vinnan verði skipulögð þannig að starfsmenn hafi reglulegan matar- og kaffitíma.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt, með tilvísun í greinargerð.

15. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS

Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að gera tillögu til bæjarráðs.

Stöðugildi

16. FJÖLDI STÖÐUGILDA SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Sé metið að stöðugildi þurfi að vera fleiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir þurfi samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar fyrir því.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

Annar rekstrarkostnaður

17. ÚTBOÐ

Lagt er til að þjónustukaup svo sem tryggingar, símaþjónusta (internet tenging) o.s.frv. hjá sveitarfélaginu verði boðin út reglulega. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.

Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

18. ÖRYGGISGÆSLA

Lagt er til að kanna hvort draga megi úr kaupum á þjónustu vegna öryggisgæslu hjá sveitarfélaginu.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

19. ORKUNOTKUN

Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

Félagsþjónusta og málefni fatlaðra

20. NÝR SAMNINGUR UM FÉLAGSPJÓNUSTU

Lagt er til að gerður verði nýr samningur á milli sveitarfélaganna þriggja um félagsþjónustu. Lögð verði áhersla á að sveitarfélögin starfi á jafnréttisgrundvelli skv. samningnum. Um verði að ræða Félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Vogar.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

21. FORMAÐUR FJÖLSKYLDU- OG VELFERÐARNEFNDAR

Lagt er til að formaður fjölskyldu- og velferðarnefndar komi annað hvort frá Sveitarfélaginu Garði eða Sveitarfélaginu Vogar.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt, jafnframt að henni verði fylgt eftir við endurskoðun samnings um samstarf sveitarfélaganna um félagsþjónustu.

22. VIÐVERA FÉLAGSMÁLASTJÓRA EÐA STARFSMANNS HANS

Lagt er til að félagsmálastjóri eða starfsmaður hans eigi fasta viðveru a.m.k. einu sinni í viku á skrifstofu Sveitarfélagsins Garðs.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt, bæjarstjóra falið að koma tillögunni til framkvæmdar í samráði við félagsmálastjóra.

23. STJÓRNENDAFUNDIR

Lagt er til að félagsmálastjóri sitji stjórnendafundi hjá Sveitarfélaginu Garði eins og hjá Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogar.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt, bæjarstjóra falið að koma tillögunni til framkvæmdar í samráði við félagsmálastjóra.

24. AÐGANGUR AÐ BÓKHALDSGÖGNUM

Lagt er til að félagsmálastjóri hafi aðgang að bókhaldi þeirra stofnana sem undir hann heyra eins og aðrir forstöðumenn hjá sveitarfélaginu.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að koma tillögunni til framkvæmdar í samráði við félagsmálastjóra.

25. FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Lagt er til að fjallað sé um fjárhagsaðstoð í fjölskyldu- og velferðarnefnd og fjárhagsaðstoð þurfi samþykki nefndarinnar.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að koma málinu á framfæri við félagsmálastjóra.

26. BAKVAKTIR VEGNA BARNAVERNDARMÁLA

Lagt er til að bakvaktir vegna barnaverndarmála verði endurskoðaðar.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra og fulltrúum Garðs í Fjölskyldu-og velferðarnefnd falið að koma málinu á framfæri við nefndina, félagsmálastjóra og samstarfssveitarfélög.

27. REKSTUR MÁLEFNA FATLAÐRA

Lagt er til að þess verði gætt að þjónustu vegna málefna fatlaðra verði hagað þannig að tekjur, sem ætlaðar eru í málaflokkinn, standi ávallt undir útgjöldum og skili sveitarfélagunum framlegð. Ef afgangur verði af rekstrinum renni hann til sveitarfélaganna.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að koma tillögunni á framfæri við félagsmálastjóra og samstarfssveitarfélög.

28. YFIRSTJÓRN MÁLEFNA FATLAÐRA

Lagt er til að Sveitarfélagið Garður beiti sér fyrir því, með aðildar sveitarfélagunum, að yfirstjórn um málefni fatlaðra verði endurskoðuð. Stjórnunin verði gerð markvissari og færð nær bæjarstjórnunum en verið hefur, t.d. með stofnun byggðasamlags.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

29. LEIKSKÓLAGJÖLD

Lagt er til að skoðað verði með að hætta að gefa 50% afslátt á leikskólagjöldum vegna elsta árgangsins í leikskólanum.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að tillagan verði til frekari skoðunar.

30. SAMNINGUR UM REKSTUR LEIKSKÓLA

Lagt er til að óskað verði eftir því við rekstraraðila leikskólans að greiðslur til hans verði lækkaðar.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að eiga viðræður við rekstraraðila.

Gerðaskóli

31. UMSJÓN MEÐ SKÓLAHÚSNÆÐI Í LOK DAGS

Lagt er til að skoðað verði breytt fyrirkomulag við lokun skólahúsnæðis í lok dags frekar en að það sé gert í yfirtíð eins og nú.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að koma tillögunni til framkvæmdar í samráði við skólastjóra.

32. SKÓLABÓKASAFN OG ALMENNINGSBÓKASAFN

Lagt er til að kanna möguleika á að sameina starfsemi skólabókasafnsins og almenningsbókasafnsins.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að vinna að málinu og leggja endanlega tillögu fyrir bæjarráð.

33. FJÖLDI STÖÐUGILDA

Lagt er til að endurskoða fjölda stöðugilda við Gerðaskóla. Bæjarstjórn marki sér ákveðna stefnu um fjölda nemenda á hvert stöðugildi.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra og skólastjóra falið að vinna tillögu sem verði lögð fyrir Skólanefnd og bæjarráð.

34. FJÖLDI NEMENDA Í BEKKJARDEILDUM – SAMKENNSLA ÁRGANGA

Lagt er til að bæjarstjórn marki sér stefna um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Í því sambandi verði skoðuð hvort til greina komi að vera með samkennslu árganga.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að láta vinna frekari tillögu í samstarfi við skólastjóra og Skólanefnd.

35. ÖNNUR YFIRTÍÐ KENNARA EN VEGNA FORFALLAKENNSLU

Lagt er til að athuga hvort önnur yfirtíð kennara en vegna forfallakennslu geti skv. samningi rúmast innan þess sem greitt er með svokölluðum potti. Jafnframt er lagt til að athugað verði hvort hægt sé að draga úr yfirvinnu kennara sem byggist á ákvæði 2.5.1 í kjarasamningi.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að fylgja tillögunni eftir við skólastjóra.

36. YFIRTÍÐ ANNARRA STARFSMANNA EN KENNARA

Lagt er til að húsvörður verði eini starfsmaður skólans sem hafi fasta yfirtíð. Jafnframt að öll vinna annarra starfsmanna en kennara verði endurskipulögð þannig að ekki komi til þess að greiða þurfi fyrir yfirtíð.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að vinna nánari útfærslu á tillögunni í samstarfi við skólastjóra, sem verði lögð fyrir bæjarráð.

37. LAUNADREIFING ANNARRA STARFSMANNA

Lagt er til að stöðugildi annarra starfsmanna við skólann verði endurskoðuð þannig að þeir fái allir launadreifingu miðað við heildar vinnuframlag yfir árið. Þetta verði m.a. liður í að endurskipuleggja fjölda stöðugilda við skólann. Eða starfsmenn fái laun í 9,75 mánuði.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að fylgja tillögunni eftir við skólastjóra.

38. MÆTING FYRIR KLUKKAN 8:00

Lagt er til að draga úr fjölda þeirra starfsmanna sem mæta fyrir kl. 8:00 á morgnana til að opna skólann. Vinnutíma þeirra verið hagað þannig að tíminn fyrir kl. 8:00 rúmist innan dagvinnutíma þeirra.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að fylgja tillögunni eftir við skólastjóra.

39. VERÐ Á SKÓLAMÁLTÍÐ

Lagt er til að verð á skólamáltíðum verði endurskoðað ásamt gjaldi fyrir hafragraut.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að tillagan verði til frekari skoðunar.

40. ÞJÓNUSTUKAUP OG UPPÁSKRIFT REIKNINGA

Lagt er til að ýmis þjónustukaup verði endurskoðuð svo sem öryggisgæsla, sorphirða og síma- og internetþjónusta. Allt gert til að draga úr kostnaði.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

41. SKRÁNING ORKUNOTKUNAR

Lagt er til að húsverði verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna grunnskólans.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt. Skráning orkunotkunar verði jafnt fyrir raforku og heitt vatn.

Bókasafn

42. OPNUNARTÍMI BÓKASAFNA

Lagt er til að opnunartími bókasafnanna verði endurskoðaður með hliðsjón af álagi.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að tillagan verði tekin til frekari skoðunar.

43. OPNUNARTÍMI SKÓLABÓKASAFNS

Lagt er til að skólabókasafnið sé opið fjórar klukkustundir á dag á skólatíma.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að tillagan verði tekin til frekari skoðunar.

44. STARFSTÍMI SKÓLABÓKAVARÐAR

Lagt er til að viðverutími skólabókavárðar verði tekinn til skoðunar og hann leiðréttur miðað við að skólabókavörður er á launadreifingu.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

45. LÖNGUFRÍMÍNÚTUR

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að loka skólabókasafninu í löngufrímínútum og skólabókavörður taki þá kaffitíma.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að vinna að málinu í samstarfi við skólastjóra.

46. LYKLAR

Lagt er til að auk starfsmanna bókasafnsins hafi skólastjóri og sá sem annast ræstingar í safninu lykil að því, en ekki aðrir.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

47. ÁRSKORT

Lagt er til að skoðað verði með að árskort fyrir íbúa Garðs verði gjaldfrítt.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt og taki gildi með fjárhagsáætlun fyrir 2015.

Byggðasafnið á Garðskaga

48. SAFNVÖRÐUR

Lagt er til að starf forstöðumanns byggðasafnsins verði endurskoðað, þannig að annað hvort verði dregið úr starfstíma forstöðumanns eða hann fái fleiri verkefni. Einnig verði önnur störf við safnið tekin til endurskoðunar.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að leggja tillögu fyrir bæjarráð.

49. AÐGANGSEYRIR

Lagt er til að gestir safnsins greiði aðgangseyri inn á safnið. Haft verði til hliðsjónar hvað greitt er í aðgangseyri annar staðar.

Bæjarstjórn:

Tillagan er komin til framkvæmdar samkvæmt fjárhagsáætlun 2014.

50. LOKUN Á AÐSTÖÐU FORSTÖÐUMANNS

Lagt er til að hægt sé að loka fyrir aðgang að aðstöðu forstöðumanns.

Bæjarstjórn:

Tillagan er þegar komin til framkvæmdar, samkvæmt fjárhagsáætlun 2014.

51. INNETNET OG SÍMI

Lagt er til að kostnaður vegna síma og internets verði tekin til skoðunar. Einnig spurning hvort ekki verði hætt að vera með internetið þráðlaust.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi

52. LAUNAGJÖLD ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSFULLTRÚA

Lagt er til að launagjöld vegna íþrótta- og æskulýðsfulltrúa verði færð sérstaklega en ekki eins og nú undir félagsmiðstöð.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

53. MENNINGARMÁL

Lagt er til að málaflokkurinn menningarmál heyri undir íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.

Bæjarstjórn:

Samþykkt að tillagan fái frekari skoðun.

54. FÉLAGSMIÐSTÖÐ

Lagt er til að starfsmenn félagsmiðstöðvar verði ráðnir í hlutastarf yfir veturinn og fái þá greitt álag ofan á vinnutíma sem unninn er utan samningsbundins dagvinnutíma.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að láta undirbúa framkvæmd tillögunnar.

55. LEIGA Á BORÐDÚKUM

Lagt er til að hætt verði að leigja út borðdúka og þeir teknir úr umferð.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

Íþróttamiðstöð og sundlaug

56. ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSFULLTRÚI/FORSTÖÐUMAÐUR ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐVA R

Lagt er til skoðað verði að starf íþróttá- og æskulýðsfulltrúa og forstöðumanns íþróttamiðstöðvar verði sameinað í eitt starf undir heitinu íþróttá- og æskulýðsfulltrúi.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að tillagan komi til frekari umfjöllunar síðar.

57. OPNUNARTÍMI SUNDLAUGAR

Lagt er til að opnunartími sundlaugar verði endurskoðaður.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að fela bæjarstjóra að vinna að tillögu um málið í samstarfi við forstöðumann.

58. VINNUFYRIRKOMULAG STARFSMANNA

Lagt er til að vinnufyrirkomulag starfsmanna verði endurskipulagt þannig að ekki þurfi að vera með sérstaka starfsmenn í klefagæslu. Jafnframt séð til þess að sömu aldurshópar séu á sama tíma í íþróttum.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að vinna að framkvæmd tillögunnar í samstarfi við forstöðumann og skólastjóra.

59. LAUGARVARSLA

Lagt er til að farið verði eftir reglum um laugarvörslu í skólasundi og hún verði vegna nemenda yngri en 10 ára. Fyrst verði leitað álits hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að vinna að framgangi tillögunnar í samstarfi við forstöðumann.

60. KENNSLUTÍMI Í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ OG VINNUTÍMI

Lagt er til að athuga hvort ekki sé hægt að skipuleggja kennslu í íþróttamiðstöð þannig að henni sé lokið t.d. kl. 12:00 eða fyrr. Jafnframt hvort ekki sé hægt að draga úr vinnutíma starfsmanna samhliða þessu um miðjan dag.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt. Bæjarstjóra falið að vinna að framgangi tillögunnar í samstarfi við forstöðumann og skólastjóra.

61. ÞRIF Á LJÓSABEKKJUM

Lagt er til að samhliða endurskipulagningu á störfum starfsmanna og skólatíma verði starfsmönnum íþróttamiðstöðvar falið að þrifa ljósabekki.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

62. SÍMI OG INTERNETNOTKUN

Lagt er til að kaup á síma og internet þjónustu verði endurskoðuð með það að markmiði að ná niður kostnaði.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

63. MEÐLÆTI MEÐ KAFFI

Lagt er til að hætt verði að kaupa meðlæti með kaffi.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt, gætt verði samræmis milli stofnana.

64. BIFREIÐAHLUNNINDI

Lagt er til að bifreiðahlunnindi við íþróttamiðstöð verði tekin til endurskoðunar.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

65. SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI

Lagt er til að verk svið skipulags- og byggingarfulltrúa verði nákvæmlega skilgreint. Hann hafi yfirumsjón með öllum verklegum framkvæmdum, umhverfismálum, fráveitu og áhaldahúsi. Auk skipulags- og byggingamála.

Bæjarstjórn:

Tillagan samþykkt.

66. BÓKHALDSGÖGN

Lagt er til að skipulags- og byggingarfulltrúi hafa greiðan aðgang að öllum bókhaldsgögnum sem undir hann heyra og hann samþykki alla reikninga vegna

þeirra málflokka sem undir hann heyra.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

67. REGLULEGIR FUNDIR MEÐ BÆJARVERKSTJÓRA

Lagt er til að skipulags- og byggingarfulltrúi eigi reglulega fundi með bæjarverkstjóra þar sem verkefni áhaldahúss eru rædd.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

68. BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Lagt er til að brunamál og almannavarnir heyri undir bæjarstjóra.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

Áhaldahús

69. ÁHALDAHÚS SAMEINAD EIGNASJÓÐI

Lagt er til að skoðað verði að sameina áhaldahús eignasjóði. Reynist það hagstætt verði það gert. Eignasjóður annist allt viðhald á eignum og innri leiga taki mið af því.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

70. FÆKKUN TÆKJA

Lagt er til að kanna hvort til greina komi að fækka tækjum hjá áhaldahúsi. Hvort ódýrara geti verið að kaupa t.d. snjómokstur af verktökum frekar en að bæjarfélagið eigi dýr tæki til að annast snjómokstur.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að tillagan verði til frekari skoðunar.

71. DAGLEGUR VINNUTÍMI

Lagt er til að daglegur vinnutími starfsmanna áhaldahúss verði átta klukkustundir og verði á tímabilinu frá kl. 8:00 til 17:00. Samhliða því verði dregið úr fastri yfirtíð.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

72. SUMARLEYFI STARFSMANNA

Lagt er til að tekin verði upp sú regla að snemma vors liggi fyrir hvenær starfsmenn fara í sumarfrí.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

73. HAFNARVOG

Lagt er til að kanna hvort mögulegt sé að selja hafnarvogina.

Bæjarstjórn:
Tillagan samþykkt.

74. GJALD Á TJALDSVÆÐI

Lagt er til að tekin verði upp gjaldtaka af gestum tjaldsvæðis. Áhaldahús annist áfram umhirðu tjaldsvæðisins.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að tillagan verði til frekari skoðunar.

75. REKSTUR ÁHALDAHÚSS VERÐI ENDURSKOÐAÐUR

Lagt er til að endurskoða rekstur áhaldahúss með það að markmiði að draga úr honum eða hætta rekstrinum og hann verði boðinn út.

Bæjarstjórn:
Samþykkt að tillagan verði til frekari skoðunar.